

**Auðarskóli**



*Ábyrgð – Ánægja - Árangur*

**Sjálfsmat Auðarskóla**  
**2014 - 2015**  
***Fjórða áfangaskýrsla***

**Próunarstjórn**

*Eyjólfur Sturlaugsson*

*Guðrún Andrea Einarsdóttir*

*Herdís Erna Gunnarsdóttir*

*Sesselja Árnadóttir*

## **Efnisyfirlit**

1 Inngangur.....	3
2 Sjálfsmatið í Auðarskóla.....	4
2.1 Ástæður sjálfsmats.....	4
2.2 Aðferðafræði sjálfsmatsins.....	4
2.3 Viðmið um árangur.....	5
2.4. Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla.....	6
2.5 Framkvæmd sjálfsmats 2014 – 2015.....	7
3. Matsþættir skólaárið 2014 – 2015.....	8
3.1 Viðmót, menning og tengsl.....	8
3.1.1 Niðurstöður úr spurningalistum.....	9
Svör starfsfólks skólans.....	9
Svör foreldra barna á leikskóla.....	13
Svör foreldra barna í grunnskóla.....	17
Svör nemenda í 4. – 10. bekk.....	22
3.2 Líðan í skólanum.....	26
3.2.1 Niðurstöður úr spurningalistum.....	26
Svör foreldra barna á leikskóla.....	27
Svör foreldra í grunnskóla.....	32
Svör nemenda í 3. – 10. bekk.....	40
Svör starfsmanna.....	48
4 Umbótaáætlanir.....	59
4.1 Umbótaáætlun fyrir grunnskóladeild.....	59
4.2 Umbótaáætlun fyrir leikskóladeild.....	60
5. Annað innra mat.....	61
6. Lokaorð.....	62

## 1 Inngangur

Fjórða áfangaskýrsla Auðarskóla um innra mat, sem hér er á ferðinni, nær í rauninni yfir allt almanaksárið 2014 og 2015. Eins og í fyrri skýrslum er greint frá framkvæmd og niðurstöðum úr matsþáttum síðasta skólaárs. Í þessari skýrslu eru samanburðar niðurstöður úr endurtekinni könnun á líðan í skólanum. Einnig er hér í skýrslunni gerð grein fyrir stöðu í sjálfsmatsáætlun skólans, forsendum matsins og þeirri aðferðarfræði og viðmiðum sem notuð voru við matið.

Skýrslan er unnin af þróunarstjórn skólans á grunni upplýsingaöflunar af ýmsu tagi og umræðna starfsfólks. Skýrslan er opinber og verður kynnt á starfsmannafundum í deildum skólans, í skólaráði og í fræðslunefnd sveitarfélagsins. Skýrslan verður höfð öllum aðgengileg á vefsíðu Auðarskóla.

Engin breyting hefur verið á þróunarstjórn skólans milli skólaára. Árin 2014 og 2015 var stjórnin skipuð þeim; Eyjólf Sturlaugssyni skólastjóra, Sesselju Árnadóttur grunnskólakennara, Guðrínu Andreu Einarsdóttur grunnskólakennara og Herdísi Ernu Gunnarsdóttur deildarstjóra á leikskóla.

## 2 Sjálfsmatið í Auðarskóla

### 2.1 Ástæður sjálfsmats

Um sjálfsmat grunn- og leikskóla er kveðið á í lögum (lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um leikskóla nr. 90/2008). Samkvæmt lögnum er matinu ætlað eftirfarandi hlutverk:

- A. Veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.
- B. Tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár skóla.
- C. Auka gæði náms og stuðla að umbótum.
- D. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þjónustu samkvæmt lögum.

Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hafi verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og þarf að vera langtímamiðað.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Menntamálaráðuneytið sér um að framkvæma úttekt á sjálfsmati hvers skóla á fimm ára fresti. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Með stjálfsmatinu er starfsfólki skólans skapaður vettvangur til að auðvelda vinnu að umbótum og upplýsa yfirvöld og almenning um starfið.

### 2.2 Aðferðafræði sjálfsmatsins

Í Auðarskóla er lögð áhersla á að innra starf skólans sé metið með kerfisbundnum hætti með virkri þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna eftir því sem við á.

Sjálfsmat Auðarskóla er að jafnaði byggt á blandaðri aðferðafræði, þ.e byggt á eigindlegri og megindlegri aðferðafræði. Við gagnaöflun er mikil áhersla lögð á að sjálfsmatið byggi á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Við gagnaöflun í sjálfsmatsferlinu er gert ráð fyrir því, eftir því hvaða matsþættir eiga í hlut, að þróunarstjórn geti að hluta nýtt sér gögn úr ytra mati, s.s. niðurstöður samræmdra prófa, mætingaskráningar

og önnur opinber og skráð gögn. Skólinn mun þó einnig meta starf sitt með öðrum hætti og afla gagna á eigin hátt, m.a. með viðhorfskönnunum sem ná til allra aðila er tengjast starfsemi skólans. Tvisvar sinnum á hverjum vetri eru lagðar fyrir kannanir fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur eftir atvikum. Allt starfsfólk skólans fer í starfsmannaviðtöl hjá stjórnendum skólans og eru starfsmannaviðtölin tengd sjálfsmatsþáttum skólans hverju sinni. Aðferðarfræðin byggir á nokkrum þrepum, sem fylgt er við sjálfsmatið og úrvinnslu þess.

- A) Fyrst setur skólinn sér stefnu og markmið í skólastarfinu sem taka mið af framtíðarsýn og hlutverki hans.
- B) Næst eru settir upp mælikvarðar (mælitæki) til að mæla hvernig skólanum gangi að ná settum markmiðum og útbúnar eru grunnsurningar sem ætlað er að fá svör við í sjálfsmatinu.
- C) Þá fer fram mat á hinum ýmsu þáttum skólastarfsins samkvæmt 5 ára sjálfsmatsáætlun, með tilheyrandi gagnaöflun.
- D) Eftir að mælingar, hverju sinni, á tilteknum þáttum hafa farið fram er í kjölfarið unnið að aðgerðum til að bæta skólastarfið og er þá byggt á greiningum á veikum og sterkum hliðum skólastarfsins.
- E) Að lokum eru sett ný markmið, mælikvarðar endurskoðaðir og mælingar endurteknar.

### 2.3 Viðmið um árangur

Skólinn hefur sett sér viðmið, sem notuð eru til að greina árangur í skólastarfinu. Viðmiðin eiga að hjálpa skólasamfélaginu til að forgangsraða umbótum í kjölfar niðurstaðna úr spurningalistum. Viðmiðin eru eftirfarandi:

- Góður árangur:* Alls þurfa minnst 80% svarenda að merkja við besta eða næstbesta kost og innan við 10 % merkja við versta kost.  
Ekki er þörf á umbótum.
- Viðunandi árangur:* Alls þurfa minnst 70 % svarenda að merkja við besta eða næstbesta kost og innan við 10 % að merkja við næstversta eða versta kost.  
Ekki er þörf á umbótum.

*Viðunandi árangur:* Alls merkja 60 % við besta eða næstbesta kost og innan við 5 % merkja við næstversta kost og enginn við versta kost. Ekki er þörf á umbótum.

*Óviðunandi árangur:* Ef minna en 60 % svarenda merkja við besta eða næstbesta kost er þörf á umbótum.

*Óviðunandi árangur:* Ef 10 % svarenda eða fleiri merkja við versta kost er þörf á umbótum.

*Óviðunandi árangur:* Ef 15 % svarenda eða fleiri merkja við næstversta eða versta kost er þörf á umbótum.

## 2. 4. Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla

Sjálfsmatsáætlun Auðarskóla, sem gerð var vorið 2010, nær yfir fimm ár. Við gerð áætlunarinnar var leitað til alls starfsfólks Auðarskóla. Starfsfólkið forgangsraðaði þeim þáttum sem þeim fannst mikilvægast að meta. Almennt er áætlað að mæla tvö til þrjú viðfangsefni á hverju skólaári ásamt endurmati á þáttum í kjölfar umbóta, sem framkvæmdar hafa verið í kjölfar fyrri matsniðurstaðna.

Viðfangsefni sjálfsmats	2010-2011	2011-2012	2012-2013	2013-2014	2014-2015
Nemendur - líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	V		E		E
Starfsfólk líðan, þarfir, starfsandi og samstarf.	V		E		E
Skólanámskrá.		V			
Starfsskipulag.		V			
Nám og námsárangur / Leikur			V		
Aðbúnaður			V		
Samstarf heimila og skóla.				V	
Viðmót og menning.				V	
Ytri tengsl.				V	
Starfsáætlun.					O
Stjórnun.					O
Umbótaaðgerðir og þróunarstarf.					O

(V= mati er lokið samkvæmt áætlun, O = þættir í mati núna, X óloknir matsþættir, E = endurtekið mat)

Eins og sjá má á áætlunni þá hefur henni nú seinnkað um eitt ár. Í raun hefði henni átt að ljúka vorið 2015. Tafir á matinu má fyrst og fremst rekja til vinnu við innleiðingu á námskrá árin 2012 - 2013 í kjölfar námskrárbreytinga frá 2011.

## 2. 5 Framkvæmd sjálfsmats 2014 – 2015

Próunarstjórnin starfaði samkvæmt ákveðinni áætlun um framkvæmd sjálfsmatsins fyrir skólaárið 2014 – 2015. Á þessu starfsári voru áætlanir uppi um tvær kannanir.

Viðfangsefni sjálfsmats	Framkvæmd sjálfsmats	Úrvinnsla	Kynning og umbótaáætlun	Skýrsluskil
Líðan ( <i>endurtekin könnun frá 2012</i> )	Október – nóvember 2014	Des 2014	Kynning í jún 2015	Des 2015
Viðmót, menning og tengsl	Mars - apríl 2015	Ágúst 2015	Kynning janúar 2016	Des 2015

Áætlunin stóðst í stórum dráttum hvað varðar undirbúning og framkvæmd matsins. Þó varð seinkun á síðari matsþættinum og lauk honum ekki fyrr en um miðjan maí. Hinsvegar varð bið á úrvinnslu og kynningu. Í raun hófst úrvinnsla og kynning ekki fyrr en í júní 2015 og í október var lokið við kynningu og úrbótaáætlun varðandi líðan. Úrvinnsla á viðmót,menning og tengsl þættinum hófst í ágúst og var gerð umbótaáætlunar ekki lokið að fullu í árslok. Skýrsluskil eru engu að síður á áætlun.

Könnun um líðan var tekin í skólanum í lok október eftir erfiða og umfangsmikla atburði í skólanum, sem trúlega hafa haft mikil áhrif á nemendur, heimili og starfsmenn. Hinsvegar er ómögulegt að greina hversu mikil áhrif staðan í skólanum hafði á svörun í könnunni.

Notast var við rafræna spurningalista. Nemendur, starfsmenn og foreldrar tóku kannanir rafrænt. Próunarstjórnin notaðist við Google Docs við gerð og framkvæmd listana. Fyrirkomulagið er nú að venjast í skólasamfélaginu en þetta var í annað sinn sem rafræna útfærslan var notuð.

Af ofangreindu er ljóst að afar mikil matsvinna fór fram skólaárið 2014 – 2015 og yfirgripsmiklar upplýsingar liggja nú fyrir um starfsemi skólans og þá sérstaklega grunnskóladeildina.

### 3. Matsþættir skólaárið 2014 – 2015

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður úr gagnaöflun skólaárið 2014 – 2015 í tveimur matsþáttum; viðmót, menning og tengsl annarsvegar og líðan hinsvegar.



#### 3.1 Viðmót, menning og tengsl



Spurningalistar voru unnir af þróunarstjórn. Við vinnuna var m.a. haft til hliðsjónar sjálfsmatsskýrslur frá öðrum skólum sem voru opinberar á netinu. Spurningalistarnir byggja á sýn skólans, meginmarkmiðum, lögum um skólastarf og aðalnámskrá.




Spurningalísar voru rafrænir og vann þróunarstjórn úr upplýsingum. Þegar upplýsingar lágu fyrir voru niðurstöðurnar settar upp í myndrit og kynntar öllum starfsmönnum skólans á fundum. Þróunarstjórn setti myndritin þannig upp að litir sýna árangur og svo að hægt sé að sjá á auðveldan hátt, með því að skoða myndritið, hvort um góðan, viðunandi eða óviðunandi árangur var að ræða. Rauðir litir túlka neikvæða svörun en grænir litir jákvæða svörun. Aðrir litir eru hlutlausir. Sumar spurningar eru greinandi, þ.e. ekki neinir sérstakir jákvæðir eða neikvæðir svarmöguleikar.


3. 1. 1 Niðurstöður úr spurningalístum  
Svör starfsfólks skólans

Svörun 82%














8. Vilt þú koma einhverju á framfæri? Þá er hér kjörið tækifæri til þess.




- Skólastarfið okkar er á mikilli uppleið. Miklar framfarir má sjá í starfi grunnskóla- og leikskóladeildar á síðstliðnum mánuðum og árum.
- Nei



Svör foreldra barna á leikskóla

Svörun 75%













10. Vilt þú koma einhverju á framfæri? Þá er hér kjörið tækifæri til þess.




- Það er engin árshátíð í leikskólanum
- Frábær leikskóli, takk fyrir okkur.
- Sumir starfsmenn mættu alveg bæta sig í framkomu enn flestir starfsmenn meiga eiga hrós skilið fyrir góð störf.
- Það mætti minnka símanotkun starfsmanna inná deildum.
- Finnst starf leikskólans vera í stöðugri þróun og er t.d. MJÖG ánægð/ur með marga nýja þætti síðastliðinn vetur (eins og t.d. heimsókn í fyrirtæki). Varðandi að upplifa sig velkominn í leikskólann fer þínulítið eftir því hvaða starfsmaður tekur á móti manni en almennt er maður frekar velkominn.




Svör foreldra barna í grunnskóla


Svörun 68%











11. Vilt þú koma einhverju á framfæri? Þá er hér kjörið tækifæri til þess.


- Þó að ábyrgð foreldra sé sannarlega mikil þá má ekki setja alla ábyrgð á nemandan og foreldra þegar barn er á eftir í námi. Það getur verið gott að örvun og aðhald komi frá fleirri en einum stað í öllu námi. Þetta á þó aðalega við um unglingastigið þar sem mikið hefur verið lagt upp með það að þau síni sjálfstæð vinnubrögð. En okkur finnst það ekki nóg að nemandinn standi algjörlega á eigin fótum og ráði sjálfur hvar hann er staddur í náminu og geti þar af leiðandi drollað lengi við ákveðnar blaðsíður.
- Skólastjóri þarf virkilega að fylgjast vel með og taka á þeim málum sbr. einelti jafnt í skóla sem á neti á milli krakkana sem er að gerast. Reglur þurfa að ná jafnt yfir alla nemendur þ.e ekki víkja einum úr skóla en leyfa öðrum að vera þó brot séu svipuð og þá þurfa allir kennarar að vera virkir í því sem og aðstoðarskólastjóri. Kennarar þurfa líka að pikka fyrir í þá nemendur sem dragast aftur úr í námi ekki bara gera það rétt fyrir foreldraviðtöl. Skólastjóri þarf líka að taka á framkoma sumra kennara við skólann sem er til skammar sbr. xxx og hennar framkomu gagnvart nemendum . xxx fær hrós en um leið er ég afar þakklát fyrir því að xxx xxx sé hætt störfum þar sem framkoma hennar í garð nemenda var oft á tíðum ekki til fyrirmyndar.
- Ég er mjög ósátt-ur við tónlistarskólann það metnaðarleysi sem þar er. Nemendum í skólanum hefur fjölgað en nemendum tónlistarskólans hefur snar fækkað. Það var alger skandall að sameina tónlistarskólann á sínum tíma við grunnskóladeildina og



loka honum fyrir almenningi. Menn þurfa nú að ákv hvort halda eigi áfram með þetta fyrirbæri eða bara leggja það af.




- Er ekki nógu sátt/sáttur með stjórn skólans þegar kemur að aga í tímum og vandamálum á milla barna innan skólaveggja.
- við erum ekki ánægð með kennslu eða stjórnun í skólanum
- flestir kennarar bera virðingu fyrir nemendum sínum og uppskera í samræmi við það en það er ekki algilt og mætti skoða það nánar
- Erum ósátt við framkomu og kennsluaðferðir xxxx kennara í skólanum. Miðað við það sem okkar börn segja heima þá er xxx með dónaleg svör og hranalegt viðmót við börnin bæði á unglingastigi og yngstastigi. Teljum hana óhæfan kennara.
- Mjög mikilvægt er að efla tæknilæsi og ætti að efla forritunarkennslu í skólanum
- ég vildi fá að vita fyrr en í foreldraviðtölum ef að barnið mitt er að dragast aftur úr Takk.
- Skerpa á starfsemi á gæslutíma og hvernig þessum tíma er varið og hvernig starfsmenn gæslunnar starfa

### Svör nemenda í 4. – 10. bekk

Svörun 78%







6. Vilt þú koma einhverju á framfæri? Þá er hér kjörið tækifæri til þess.

- xxx
- mér líður fokking illa í skólanum
- Takk fyrir mig gott fólk þessi 10 ár voru geiðveik :D
- Fáránlegt hvað ein manneskja getur stoppað miklumeiri fjölda af við að gera eitthvað
- vera duglegir að farra á böll
- 8===D ()
- (.) (.)
- ...
- Þemadagar sökka þeir gera ekkert fyrir mann og maður tapar bara námstíma á þessu.... persónulega finnst mér þeir ekki eiga við skolestarfið og þeir eru allt annað en í öðrum skólum.... þessi skóli er svo lokaður frá umheiminum hann veit ekki neitt um hefðir annara skóla... þetta er rugl.. einginn græðir á þessum þemadögum.. þeir í unglingsdeild eru alltaf neikvæðir fyrir þessu þess vegna ætti bara að prófa að hafa þetta bara fyrir yngsta og miðstig því þetta er grútleiðinlegt og það nennir einginn þessu hvort eð er þannig ég er glaður að þurfa ekki að gera þetta aftur ,,,,,,,,,
- Að mínu mati er sniðugt að hafa galakvöld fyrir unglingsdeildina, góður lokaviðburður fyrir sumarið.
- ekki skilja útundan.
- já
- Það ætti að vera meira námsefni. T.d ég er búin með allt námsefnið í mínum bekk og ég má ekki fara í námsefni fyrir bekkinn fyrir ofan. Mér finndist að ég mætti fara í það vegna þess að ég er búin með mitt og ég vinn bara á mínum hraða. Ég brjálást ef einhver reynir að hægja á mér!!!
- vinna með xxx
- vinna með xxx
- fleiri leik sýningar sem við gerum td er hægt að gera bío mynd hvert stig
- tyggjó fyrir miðstig
- ekkert það er allt bara fínt eins og það er.
- tyggjó fyrir miðstig

- tyggjó fyrir miðstig
- tyggjó fyrir miðstig

### 3.2 Líðan í skólanum

Samkvæmt ákvörðnum þróunarstjórnar skal könnun á líðan í skólanum endurtekin reglulega á tveggja ára fresti. Fyrsta könnun var gerð haustið 2010 og svo endurtekin haustið 2012. Haustið 2014 var svo könnunin endurtekin í þriðja sinn. Í framsetningu er leitast við að gefa samanburð á þessum þremur mælingum.



Spurningalistar voru upprunalega unnir af þróunarstjórn og á þeim aðeins gerð ein breyting árið 2012. Nú var í fyrsta skipti spurt í þriðja bekk. Spurningalistarnir byggja á sýn skólans, meginmarkmiðum, lögum um skólastarf og aðalnámskrá. Spurningalísar voru rafrænir og vann þróunarstjórn úr upplýsingum. Þegar upplýsingar lágu fyrir voru niðurstöðurnar settar upp í myndrit og kynntar öllum starfsmönnum skólans á fundi.



#### *3.2.1 Niðurstöður úr spurningalistum*



Spurningalistar voru lagðir í október 2014 rafrænt fyrir nemendur í 3. – 10. bekk, foreldra nemenda í leik- og grunnskóla og starfsfólk. Notast var við spurningaform Google Docs og fór öll frumsamantekt og talning fram sjálfvirkt í kerfinu. Starfsfólki sem ekki kunni á tölvur var boðin aðstoð við að svara.



Svör foreldra barna á leikskóla


Svörun 82%













10. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi líðan nemenda:


- Hef reynslu af þremur leikskólum í gegnum tíðina og langar að koma því á framfæri að starfið ykkar er til fyrirmyndar :)
- Það vantar "ég veit ekki" takkan þar sem að ég veit ekki hvernig barninu líður á litlu deildinni. En hún er aldrei áfjáð í að komast í leikskólan.

Svör foreldra í grunnskóla


Svörun 69%




### 3. Hvernig telur þú að agi í bekknum(námshópnum) hjá barninu þínu sé?




### 4. Hvernig telur þú að aginn sé almennt í skólanum?




5. Finnst þér starfsfólk skólans koma fram við barnið þitt af virðingu og sanngirni?




6. Hversu mikið öryggi upplifir barnið þitt þegar það er í umsjón starfsfólks?




7. Hefur barnið þit orðið fyrir einelti (það er síendurtekið niðurbrjótandi atferli) eða mjög alvarlegri stríðni í skólanum á þessu skólaári?




8. Hversu mikið einelti (það er síendurtekið niðurbrjótandi atferli) eða alvarleg stríðni telur þú að sé í skólanum?




9. Hversu vel er tekið á eineltismálum sem upp koma í nemendahópnum?



10. Telur þú að barni þínu sé hrósða í skólanum?





12. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi líðan nemenda:



- Gott að hafa allt stigið saman og kynskipta í sund.
- Þætti gott ef tekið yrði betur á því að þeir einstaklingar í skólanum sem kalla stöðugt eftir neiðkvænni athygli/sína neikvæðna hegðun, fái hana ekki, til að stoppa ferlið, svo að þau hætti/minnki þetta stöðugar ferli eftir neiðkvænni athygli/neikvænni hegðun.
- svar við sp. 9 er: ég veit það ekki, veit ekki til þess að hafi komið upp eineltismál í hópnum en sé svo hef ég ekki verið upplýst um það og veit ekki hvernig tekið hefur verið á því
- Höfum áhyggjur af gæslunni, hvort nægjanlega sé fylgst með þessum 6 ára börnum.
- "Það á sér stað einelti í einhverri mynd i efstu bekkjum skólans. Það eru aðilar innan hópsins sem eru með áróður gegn einstaklingum. Nokkrir nemendur sem eiga ekki sjens innan hópsins.



- Einn kennari kemur illa fram við mitt barn. Kennari notar leiðinlegan talanda , segir barninu að halda kjafti og hefur gert það oft. Kennarinn á það einnig til að tala niður til nemenda. Þetta athæfi er síendurtekið."
- Nemandi hefur jákv viðhorf gagnvart skólanum og því er haldið á lofti á heimilinu. Bíðum eftir foreldrafundi og vitum því ekki mikið um líðan eða framferði gengi barns. Gæsla á frítímum mætti vera betur mönnuð oft þarf að hefja leit að barni á skólalóðinni í lok frístundar. Síðast í dag voru yngstu börnin ein neðan við neðstu tréin á tjaldsvæðinu og oft eru börnin ein í sandgrifjunni eða handan við vegggerfigrasvallar langt frá öðrum án eftirlits, jafnvel ekki vitað hvar á skólalóðinni þau eru stödd.
- Líðan tveggja einstaklinga hefur mjög mikil áhrif á líðan hópsins.
- Finnst mjög mikilvægt að agi sé til staðar hjá kennurum og börnin eiga að fara eftir settum reglum hvað varðar símanotkun í kennslustund, að sitja í sínum sætum og geri það sem þeim er sagt (agaleysi veldur truflun annarra nemenda) einnig að orðbragð sé ekki liðið hvort sem það er í garð starfsfólks eða samnemenda. Finnst mjög mikilvægt að það sé meiri umræða fyrir nemendum á öllum aldri í skólanum, um börn með raskanir og það sé útskýrt fyrir nemendum að þessi börn eiga oft erfitt með að hegða sér í samræmi við það sem eðlilegt/rétt þykir. Þetta hefur allt áhrif á líðan nemenda í skólanum. Ég veit til þess að börn á yngsta stigi eigi erfitt með að átta sig á röskunum annarra barna í skólanum og setji samasem merki á að þessi börn séu vond því þau eru með orðbragð, hegða sér illa og eru stríðin. Finnst það í verkahring skólans að skapa umhverfi þar sem nemendum líður vel í, að tekið sé á stríðni og virðingarleysi í garð annarra hvort sem það er starfsfólk eða nemendum og að það sé tekið hart á einelti. Nú veit ég t.d ekki hvort það sé fundað með skólanum, foreldrum þolandans og foreldrum gerandans þegar upp koma eineltismál en ég vona svo sannarlega að það sé gert. Sömuleiðis að allt starfsfólk þurfi að vera vel vakandi fyrir samskiptum nemenda.
- Léleg stjórnun er í skólanum. Algjört agaleysi, slakur námsárangur og börn eftir á í mörgum fögum. Skólaliðar eru leiðinlegir við börnin. Henda skóm þeirra út, og gera lítið úr kvörtunum barna undan einelti. Erfitt er að tala við skólastjóra um þau mál.

- Barnið mitt talar mikið um að umsjónarkennari noti ljót orð, þá aðallega þegar hún segir krökkum að þegja. Og það er greinilegt að það er mikið notað því þetta kemur nokkuð oft upp í samtölum við barnið.
- Ég tel að það sé ekki komin nægileg reynsla á veru hans í skólanum til að hægt sé að svara könnuninni af miklu innsæi, en reynslan af skólanum fram að þessu er mjög góð.
- erfitt að svara 2,4,5,8,9 þar sem maður veit lítið um þessi atriði
- Þau þurfa meiri kennslu og eftirfylgni. Eru ekki nógu fær um að taka ábyrgð á eigin námi.
- Elnelti hefur aldrei komið til tals, gott væri að vita fyrir foreldra hvernig tekið er á eineltismálum, munnlega eða í tölvupósti frá kennara eða skólastjóra...erfitt að vita hvernig eineltismál standa í skólanum almennt frá skólans hálfu.
- Það er gott að nemendur geti haldið áfram í námsefni og byrjað í framhaldsskóla í sumum greinum. Foreldraviðtölin er góð.


Svör nemenda í 3. – 10. bekk

Svörun 91%







5. Hvernig líður þér þegar þú ert í frímínútum?




6a. Hvernig líður þér í skólabílnum á leið íþróttir?





6b. Hvernig líður þér í skólabílnum á leið heim?




7. Hvernig líður þér í búningsherbergjum?







### 10. Hvernig finnst þér aginn í skólanum vera?




### 11. Hvernig finnst þér verkefnin sem þú færð í skólanum?




12. Fannst þér skóladagarnir fljótari eða lengur að líða en aðrir dagar?



13. Er þér hrósað af starfsfólki skólans þegar þú ert í skólanum?






15. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi líðan þína:

- Þessar spurningarvoru baranokuð góðar takfirir þessar spurningar vorugóðar takkfirirmig
- xxx er líklega BESTI bróðir í HEIMINUM.
- "það var gaman að svara þesum spurnígum
- ég vóna að þið 'homið með fleiri spurnígar
- tafirir"
- það gengur vel í skólanum. mig langar að xxx hæti að stríða mér í skólanum. það genuur vel í bókunum bæ bæ.
- Skólinn er hundleiðinlegur og það eina sem mér finnst skemmtilegt er smíði og náttúrufræði. Ég hef farið oft til skólastjórans frá því í fyrsta bekk. Stærðfræði og íslenska er leiðinlegast.
- ömm ég á allveg erfitt útaf þetta ár er öruglega búið að vera erfiðasta ár sem ég hef bara lifað og það er utan skóla og það er búið að taka mjög mikið sjálfsmynd af mér og ég fæ oft stresskost og nokkrum sinnum í skólanum


- blúbb blúbbedy blúbb blúss bassdaggaseti rammskurtsa
- Nei.
- væri fint að fá að vera inni í frímínútum !!!!!!!
- það vantar að það sé hægt að segja ef eitthvað sé kjánalegt eða tilgangslaust, bara smá ábending. Og hver konar spurning er : hvernig líður þér í skólanum? öllum líður illa þegar þeir eru að læra eitthvað kjánalegt og tilgangslaust hjá einhverjum nautheimskum fáránlegum kennurum sem margir eru ekki lærðir, þ.e.a.s. í Auðarskóla.
- það má vera betra matur í dalabúð :)
- nei
- Enska er mjög létt

**Svör starfsmanna**


*Svörun 82%*




## 2. Hvernig heldur þú að starfsfólki líði almennt í Auðarskóla?




## 3. Er þér hrósað af samstarfsfólki þegar þú gerir vel?




#### 4. Er þér hrósað af skólastjórnendum þegar þú gerir vel ?




#### 5. Er þér þakkað eða hrósað af foreldrum nemenda ef þú gerir vel?




### 6. Hvernig myndir þú lýsa starfsandanum í skólanum?




### 7. Hversu mikinn þátt tekur þú í því að efla starfsandann í skólanum?





8. Telur þú þig fá þann stuðning og þá hvatningu í starfi sem þú þarft á að halda?




9. Hversu miklu máli finnst þér það skipta að vera jákvæður og glaðlyndur í vinnunni?







12. Hversu mikið einelti (einelti er síndurtekið niðurbjótandi atferli) eða alvarleg stríðni telur þú að sé í skólanum?




13. Hversu vel er tekið á eineltismálum sem upp kunna að koma í nemendahópnum?




14. Telur þú að tillitsleysi eins og einelti, stríðni eða klúryrði sé hluti af samskiptum einhverra starfsmanna skólans?




15. Hversu vel er tekið á eineltismálum sem upp kunna að koma í hópi starfsfólks?





16. Hversu mikið myndir þú segja að reglusemi og góður agi einkenndu starfssemi Auðarskóla?



17. Hvernig telur þú að agi nemenda sé almennt í skólanum?





20. Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi liðan þína eða nemenda þinna

- "Of lítill agi og mikið virðingarleysi í gangi í sambandi við starfsfólk og eignir skólans. Ákveðnir nemendur komast upp með ýmislegt."
- Sum svör eru sett í miðju svarmöguleikann því mér finnst ég ekki getað svarað því af reynslu.
- Ég tel að liðan og agi sé almennt í góðu lagi meðal nemenda. En aftur á móti eru í Auðarskóla þó nokkrir nemendur sem glíma við vanlíðan og/eða aga þeirra er ábótavant.

## 4 Umbótaáætlanir

Haustið 2015 gerðu starfsmenn umbótaáætlanir í kjölfar úrvinnslu á niðurstöðum úr könnun um líðan. Markmiðið var að bæta aga og samskipti.

### 4.1 Umbótaáætlun fyrir grunnskóladeild

Umbótapættir (1-3)	1) Samskipti	2) Agi
Markmið	Að auka upplýsingaflæði milli skóla og hemilis og allra aðila skólasamfélagsins.	Að bæta aga í skólanum. Að bæta líðan í skólanum.
Aðgerðir til að ná markmiðum	Bjóða foreldrum á Mentorkynningu og tryggja að eldri nemendur séu að nota Mentor. Fá foreldra til að koma í skólann, t.d. að taka þátt í kynningum barna sinna eða efna til funda um skólamál. Skilvirkari samskipti milli kennara og gæslu. Góðar starfslýsingar og móttökuáætlanir	Símar út í tímum. Stefnu í netnotkun nemenda. Skerpa á reglum og fylgja þeim eftir og skrá. Eftirfylgni í viðtölum við nemendur. Eineltisráð virkt. Hrósa rétt (Ölfugra tómstundastarf á gæslutíma)* Þema þvert á aldur sem styður betri líðan
Mikilvægi	Mikilvægt	Mjög mikilvægt
Hvað þarf til?	Handbók starfsfólks Leiðbeinendur úr röðum starfsmanna fyrir foreldra vegna mentors. Atvikaskráningarbók í gæslu Samþykki byggðaráðs á starfslýsingum	Sameiginlegt átak í símamálum nemenda Skipulag og hugmyndir fyrir þema keyrt svipað og stærðfræðiþema haustsins. Það þarf meiri tíma fyrir kennara ef eftirfylgni eykst og fundum fjölgar
Hver ábyrgist áætlunina?	Skólastjóri	Sameiginlegt átak starfsmanna allra.
Upphaf aðgerða(dags.)	1. nóvember 2015	12. október 2015
Dagsett mat á framvindu		
Dagsett lok umbóta	Apríl-2016	Apríl-2016
Viðmið(mælanleg) um árangur að verki loknu.	Meiri skilvirkni í skólastarfinu	Betri líðan allra aðila skólasamfélagsins
Hvernig verður árangur mældur?	Með rýni, nemenda, starfsfólks og foreldra	Með rýni, nemenda, starfsfólks og foreldra
Hvenær árangursmælt?	Vorið 2016	Vorið 2016

#### 4.2 Umbótaáætlun fyrir leikskóladeild

Umbótaþættir (1-3)	1) Tryggja betri líðan barna	2) Að hæfileikar barna fái betur notið sín
Markmið	Að bæta vinnulag og aðferðir í þeim aðstæðum þegar börn finna fyrir vanlíðan	Að hæfileikar barna fái betur notið sín
Aðgerðir til að ná markmiðum	Huga betur að móttöku og brottför barna við upphaf og lok hvers dags. Kafa dýpra og skoða betur einstök mál sem upp koma. Setja á markvissa fundi með foreldrum. Að hver hópastjóri sinni málum sinna barna og sjái í auknu mæli um samskipti við foreldra.	Tala meira við hvert og eitt barn. Auka fjölbreytni viðfangsefna Fá nem. í grunnskóla í heimsóknir. Að fá fleiri nem. úr tónskóla í heimsókn. Vettvangsferðir. Flæði og könnunaraðferðin Frjáls leikur Hreyfisöngvar
Mikilvægi	Mikilvægt	Mikilvægt
Hvað þarf til?	<u>Tíma og rými.</u> Hver hópastjóri fær rými og tíma til að vinna að málum þeirra barna sem eiga í erfiðleikum. <u>Nærgætni.</u> Hlúa þarf sérstaklega vel að barni sem á í erfiðleikum.	Flæði og könnunaraðferð
Hver ábyrgist áætlunina?	Aðstoðarleikskólastjóri	Aðstoðarleikskólastjóri
Upphaf aðgerða(dags.)	Október 2015	Sept. 2015
Dagsett mat á framvindu		
Dagsett lok umbóta	Júní 2015	Apríl - maí 2016
Viðmið (mælanleg) um árangur að verki loknu.	Mat starfsfólks á markmiðum og aðgerðum	Meiri ánægja barna Meiri starfsánægja starfsfólks
Hvernig verður árangur mældur?	Mat. T.d. Með spurningablöðum	Spurningakönnun.
Hvenær árangursmælt ?	Apríl 2016	Maí 2016

## 5. Annað innra mat

Horft er til margra þátta þegar líðan, agi og samskipti í Auðarskóla er skoðuð. Hér eru helstu þættir nefndir:

Tengslakannanir: Kennarar sjálfir gera, ef þeir telja þörf á, tengslakannanir til að rýna betur í vinatengsl og eða félagslega einangrun.

Nemendaviðtöl: Allir umsjónarkennarar taka tvisvar á ári viðtöl við nemendur og samkvæmt gátlista er líðan þeirra rædd þar.

Bekkjarfundir: Samkvæmt áætlunum skulu allir umsjónarhópar halda minnsta kosti einn bekkjarfund á þriggja vikna fresti. Einelti og eða samskipti skulu ávalt vera til umræðu.

Vinaliðar: Í verkefninu „Vinaliðar“ eru ákveðnar reglur um hvernig vinaliðarnir eru valdir úr hópi nemenda. Þar skiptir m.a. máli að þeir eigi í góðum samskiptum við samnemendur.

Þemadagar: Á þemadögum er aldursblöndun breikkuð. Eftir vinnuna í mismunandi hópum er lögð fyrir nemendur könnun, þar sem m.a. er litið til ánægju og fleira.

Þá var í lok maí 2015 haldinn borgarafundur um útfærslu kennslu í skólanum. Að fundinum stóð foreldrafélag skólans. Á fundinum var m.a. rætt um samskipti heimilis og skóla.

## 6. Lokaorð

Framangreind skýrsla varpar ljósi á það umfangsmikla mat sem fram fer í Auðarskóla.

Skýrslan varpar ljósi á að sjálfsmatasáætlun Auðarskóla hefur tafist árin 2012-2014.

Skólaárið 2014 – 2015 var gert umfangsmikið mat og nú er gert ráð fyrir að áætluninni ljúki vorið 2016.

Þótt vinnuferlar hafi nú mótast innan Auðarskóla í ákveðið horf, þar sem innra matið hefur farið í ákveðin farveg, er samt alltaf verið að þróa aðferðafræðina. Nokkur umræða hefur verið innan þróunarstjórnar um að vinnan sé hugsanlega of umfangsmikil.

Þróunarstjórnin hefur unnið mikið og gott starf og voru bókaðir fundir stjórnarinnar skólaárið 2012 – 2013 alls 26 talsins. Þess til viðbótar vann stjórninn að undirbúningi og úrvinnslu þess á milli.

Þróunarstjórn Auðarskóla 2014 - 2015

*Eyjólfur Sturlaugsson*

*Guðrún Andrea Einarsdóttir*

*Herdís Erna Gunnarsdóttir*

*Sesselja Árnadóttir*